

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið  
Ólafur Friðriksson  
Skúlagata 4  
150 REYKJAVÍK  
Ísland

Garðabær, 13. desember 2011  
2011110003/42-9  
EÓ/TB  
jgo/tb

### Innflutningur á hermannaflugu til ræktunar sem fiskifóður

Vísað er til bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags. 2. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn um leyfi til að flytja inn *Hermetia illucens* (Black soldier fly).

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir innsend gögn. *Hermetia illucens* er tvívængja af ættinni Stratiomyidae sem á engan fulltrúa í íslensku fánunni. Tegundin er mjög útbreidd og finnst í öllum heimsálfum. Hún þarf það hátt hitastig til að þrífast að í Evrópu finnst hún einvörðungu í löndum við Miðjarðarhafið og næsta nágrenni (skv. Fauna Europea, <http://www.faunaeur.org>).

Litlar líkur verða að teljast til þess að *Hermetia illucens* geti sest að í íslenskri náttúru úr því að hún hefur ekki þegar náð bólfestu í norðanverðri Evrópu. Þó er óvarlegt að útiloka að hún geti þrífist hér í gróðurhúsum og næsta umhverfi þeirra á jarðhitasvæðum að sumarlagi. Ef tekið er mið af lífsháttum flugunnar er ekki líklegt að hún festi rætur hér á landi eða verði til ama eða tjóns fyrir íslenska náttúru þó svo að hún kynni að sleppa laus við þau bestu skilyrði sem hún gæti komist í hér á landi.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur ekki ástæðu til að vísa frá umsókn um innflutning á *Hermetia illucens* í rannsóknarskyni verði það gert með fullri aðgát og ábyrgð, þ.m.t. tekið tillit til hugsanlegra sjúkdóma, og tryggt að fullrar varúðar verði gætt við þær aðstæður sem komið verður upp til að framkvæma framangreindar rannsóknir.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

